



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2023  
Garðyrkjuskólinn Reykjum

**SAGA1GL02**

Garðlistasaga 2023

Kennari:	<b>Steinunn Garðarsdóttir (StG) steinunn.gardarsdottir@fsu.is</b>
----------	---

### Áfangalýsing:

Í áfanganum verður farið yfir sögulegt yfirlit og þróun garðlistar í heiminum frá fornu fari til dagsins í dag. Ágrip af sögu garðlistar og skrudgarðyrkju á Íslandi og sérstök áhersla verður á þróun garða á Íslandi í sögulegu samhengi. Inn í þetta fléttast umræða um tilurð, eðli, merkingu og hlutverk garða á hverjum tíma og verndargildi gamalla garða.

**Undanfari:** Engir

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Þróun garðlistar frá upphafi til dagsins í dag og setja það í sögulegt samhengi á hverjum stað.
- Tilurði, eðli, merkingu og hlutverki garða á hverjum tíma.
- Menningarsögulegt gildi garða og verndargildi þeirra.

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Greina í sundur mismunandi strauma og stefnur í hönnun og gerð einstakra garða og setja þær í samhengi við aðstæður á hverjum tíma.
- Gera sér grein fyrir sögulegu samhengi í þróun garðlistar erlendis sem og hér á landi.
- Meta verndargildi og mikilvægi einstakra garða og geta hagnýtt sér það í starfi.
- Leita sér upplýsinga um þróun og skipulag einstakra garða.
- Geta nýtt sér fyrirmyndir í garðhönnun í eigin störfum.

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Miðla þekkingu sinni á garðlistasögu og þróun garðlistar til annarra, metið með kynningu.
- Miðla upplýsingum sem til eru um einstaka garða og/eða þróun garða á Íslandi, metið með kynningu.
- Meta áhrif alþjóðlegrar garðlistar á þróun garðhönnunar og garðlistar á Íslandi og/eða setja garðhönnun í sögulegt samhengi, metið með kynningu.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi almenningsgarða og garðlistar á hverjum tíma og meta verndargildi gamalla garða, metið með kynningu.

## Námsefni:

Efni frá kennara og lesefni á netinu lagt fyrir jafnóðum.

Ekki nauðsynlegt að kaupa bækur en mæli með nýlega útkominni bók Einars E. Sæmundsen um íslenska garðlistasögu og bendi á tvær erlendar garðsögubækur fyrir áhugasama:

Einar E. Sæmundsen, 2018. Að búa til ofurlítinn skemmtigarð. Hið íslenska bókmenntafélag. (Fæst í öllum helstu bókabúðum).

Bragi Bergsson gerð MA ritgerð í sagnfræði um almenningsgarða á Íslandi: (Á INNU) <https://bragibergsson.wordpress.com/almenningsgardar-a-islandi-yfirlit/>

Bragi Bergsson, 2014. Almenningsgarðar í Reykjavík. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr.165 [https://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla\\_165.pdf](https://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla_165.pdf)

Garðsöguhópur FÍLA, 2019. Garðar – lifandi minjar. Aðferðir við verndarmat og skráningu gamla garða. (Á INNU) <https://www.minjastofnun.is/static/files/skjol-i-grein/Gamlir-gardar-2019-10-02.pdf>

Tvær erlendar bækur sem fást í bóksölu stúdenta:

<https://www.boksala.is/product/european-gardens/>

<https://www.boksala.is/product/history-of-landscape-design-in-100/>

## Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kynning með greinagerð	Kynning á garði á Íslandi skv. verkefnalýsingu	100%

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil- sjá næstu síðu.**

**29. ágúst kl 09:00 - 15:45** Skoðunarferð **SKYLDUMÆTING**

**7. september kl 09:00 – 15:45** Fyrirlestur, inngangur að garðlistasögu - heimurinn

**14. september kl 09:00 – 15:45** Fyrirlestur, íslenski hlutinn

**21. september kl 09:00 – 15:45** Fyrirlestur, íslenski hlutinn frh.

**29. september kl 09:00 – 14:00** Próf: hópar kynna á verkefni B **SKYLDUMÆTING**

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Reykjum, september 2023, Steinunn Garðarsdóttir